



Reykjavíkurborg

Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 15. september

2020

R20050265

5930

Borgarráð

### ***Samningur við Íslandsstofu um framkvæmd markaðsverkefnisins Meet in Reykjavík***

Lagt er til að borgarráð samþykki meðfylgjandi samning við Íslandsstofu um framkvæmd markaðsverkefnisins Meet in Reykjavík. Borgarráð hafði áður veitt heimild fyrir því að gengið yrði frá slíkum samningi á fundi 5592. 2. júlí sl. Samningurinn er í samræmi við þær áherslur sem komu fram í minnisblaði sviðsstjóra menningar- og ferðamálasviðs sem lagt var fram á ofangreindum fundi.

Greinargerð:

Hlutverk Meet in Reykjavík er að styrkja ímynd Reykjavíkur og Íslands sem eftirsóknarverðs áfangastaðar fyrir ráðstefnur, fundi, hvataferðir og alþjóðlega viðburði og auka hlutfall þeirra ferðamanna sem koma í þeim tilgangi allan ársins hring.

Markmiðið með samningnum er að styrkja Meet in Reykjavík til að fjölga ráðstefnugestum sem koma til borgarinnar enda segir í drögum að ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar, að stefnt skuli að því að 15% ferðamanna séu ráðstefnugestir. Með samstarfi við Íslandsstofu er stefnt að hagræðingu í rekstri og styrkingu og eflingu verkefnisins sjálfs.

Samningurinn var borinn upp fyrir aðildarfélagaga Meet in Reykjavík á auka aðalfundi þann 8. september sl. og samþykktur. Eins var samningurinn lagður fyrir stjórn Íslandsstofu þann 9. september sl. og samþykktur.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Samningur Reykjavíkurborgar, Icelandair Group og Íslandsstofu um Meet in Reykjavík-drög.

Undirritaðir aðilar, Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609 („**Reykjavíkurborg**“), Icelandair Group hf., kt. 631205-1780 („**Icelandair**“), og Íslandsstofa, kt. 690986-1599 („**Íslandsstofa**“), gera hér með sér eftirfarandi:

## **SAMNING UM MARKAÐSVERKEFNIÐ MEET IN REYKJAVÍK – ICELAND CONVENTION BUREAU**

### **1. BAKGRUNNUR**

- 1.1. Meet in Reykjavík - Iceland Convention Bureau eða Ráðstefnuborgin Reykjavík er markaðs- og kynningarverkefni sem rekið hefur verið í sjálfstæðu almennu félagi, Ráðstefnuborgin Reykjavík, kt. 540212-0660 (hér eftir „**félagið**“), með stjórn, samþykktir og framkvæmdastjóra frá árinu 2012.
- 1.2. Hlutverk félagsins samkvæmt samþykktum þess og tilgangur markaðs- og kynningarverkefnisins hefur verið að styrkja ímynd Íslands og Reykjavíkur sem eftirsóknarverður áfangastaður fyrir ráðstefnur, fundi, hvataferðir og alþjóðlega viðburði (MICE) og auka hlutfall þeirra ferðamanna sem koma í þeim tilgangi allan ársins hring (hér eftir „**markaðsverkefnið**“ og eftir atvikum „**tilgangur markaðsverkefnisins**“).
- 1.3. Vörumerkin „Ráðstefnuborgin Reykjavík“ og „Meet in Reykjavík“ auk allra annarra hugverkaréttinda sem markaðsverkefninu tengjast sem og markaðsverkefnið sjálft eru eignir félagsins (hér eftir sameiginlega „**vörumerkin og verkefnið**“).
- 1.4. Í drögum að nýrri ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar er stefnt að því að auka hlutfall ráðstefnu-, hvata- og viðburðagesta í borginni í 15% af heildarfjölda ferðamanna fyrir árslok 2025.
- 1.5. Reykjavíkurborg og Icelandair annars vegar og Íslandsstofa hins vegar hafa nú komist að samkomulagi um að Íslandsstofa taki að sér rekstur markaðsverkefnisins, þ.m.t. umsjón vörumerkja og reki það í samræmi við samning þennan í stað formlegs félags líkt og félagið hefur gert.
- 1.6. Aðilar eru sammála um að byggt skuli á grunni þess árangurs sem þegar hefur náðst með starfsemi félagsins frá árinu 2012 en með samningi þessum er stefnt að því að auka hagræði í rekstri verkefnisins þannig að hlutfallslega hærrí framlög renni til markaðsverkefnisins.
- 1.7. Tilgangur og markmið þessa samnings er því að kveðið er á um áframhaldandi rekstur markaðsverkefnisins af hálfu Íslandsstofu og verkefnastjórnar, allt í samræmi við ákvæði samnings þessa.

### **2. FYRIRVARI**

- 2.1. Samningur þessi er gerður af aðilum hans með fyrirvara um að stjórn og félagsfundur félagsins samþykki með viðunandi magni atkvæða að framselja vörumerkin og verkefnið til Íslandsstofu þannig að unnt verði að vinna markaðsverkefnið í samræmi við ákvæði þessa samnings. Þess að auki að eigið fé félagsins (þ.e. aðildargjöld sem greidd hafa verið) skuli flutt framseld til Íslandsstofu og nýtt í samræmi við samning þennan. Fáist slíkt samþykki ekki innan eins (1) mánaðar frá undirritun samnings þessa skal hann sjálfkrafa falla niður án þess að aðili eigi kröfu á annan aðila þessa samnings.

### **3. STARFSEMI MARKAÐSVERKEFNIS**

- 3.1. Aðilar þessa samnings eru sammála um að markaðsverkefnið skuli unnið í samræmi við leiðarljós íslenskrar ferðaþjónustu, útflutningsstefnu Íslands og ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar.
- 3.2. Íslandsstofa skal fara með framkvæmd markaðsverkefnisins og skal starfsfólk félagsins verða starfsfólk Íslandsstofu. Heimili markaðsverkefnisins skal vera í húsnæði Íslandsstofu í Reykjavík.

### **4. AÐKOMA AÐILA AÐ MARKAÐSVERKEFNINU**

- 4.1. Reykjavíkurborg, Icelandair og Íslandsstofa skuldbinda sig með samningi þessum til þess að vera kjölfestuaðilar markaðsverkefnisins, allt í samræmi við ákvæði þessa samnings.
- 4.2. Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús skuldbindur sig til að vera aðili að markaðsverkefninu til 5 ára í samræmi við ákvæði þessa samnings.
- 4.3. Íslandsstofa skal skilgreind sem framkvæmdaaðili markaðsverkefnisins.
- 4.4. Aðilar eru þá sammála um að sem áður skuli einstök fyrirtæki geta gerst aðilar að markaðsverkefninu í samræmi við ákvarðanir verkefnastjórnar á hverjum tíma.

### **5. VERKEFNASTJÓRN OG HLUTVERK**

- 5.1. Verkefnastjórn verkefnis skulu skipa sjö (7) einstaklingar í samræmi við eftirfarandi:
  - 5.1.1. Einn (1) skipaður af Reykjavíkurborg sem skal fara með formennsku fyrstu tvö árin frá dagsetningu þessa samnings. Eftir það skal formennskan skiptast á milli Reykjavíkurborgar og Íslandsstofu annað hvert ár;
  - 5.1.2. Einn (1) skipaður af Icelandair sem skal ávallt vera varaformaður verkefnastjórnar;
  - 5.1.3. Einn (1) skipaður af Íslandsstofu;
  - 5.1.4. Einn (1) fulltrúi frá Hörpu ohf., kt. 660805-1250, sem skal útnefndur sameiginlega af aðilum þessa samnings;
  - 5.1.5. Þrír (3) fulltrúar skulu tilnefndir af öðrum greiðandi aðilum að markaðsverkefninu. Aðilar skulu vera skuldlausir við markaðsverkefnið til þess að hafa rétt á því að tilnefna sameiginlega með öðrum aðilum fulltrúa samkvæmt þessari grein
- 5.2. Kjör- og starfstímabil verkefnastjórnar skal vera frá 1. maí til 30. apríl ár hvert. Ársfund verkefnastjórnar ber að halda eigi síðar en 30. apríl ár hvert.
- 5.3. Verkefnastjórn skal mánuði fyrir lok starfstímabils kalla eftir tilnefningum frá aðilum þessa samnings (kjölfestuaðilum) og þeim aðildarfélögum sem eru skuldlaus við markaðsverkefnið.
- 5.4. Verkefnastjórn mótar meginlínur og ákveður efnisáherslur markaðsverkefnisins.
- 5.5. Verkefnastjórn samþykkir markaðsáætlun og fjárhagsáætlun. Leitast skal við að hámarka það hlutfall fjármagns markaðsverkefnis sem rennur til markaðsaðgerða.

- 5.6. Íslandsstofa ber ábyrgð á að kalla saman fundi verkefnastjórnar, sem skulu ekki haldnir sjaldnar en með tveggja mánaða millibili, í samráði við formann verkefnastjórnar.
- 5.7. Verkefnastjórn skal í upphafi hvers starfstímabils ákveða fundaráætlun út starfstímabilið. Hver verkefnastjórnarmaður getur óskað eftir því við formann verkefnastjórnar að fundur verði haldinn og ber þá formanni að boða til fundar innan 2 vikna.
- 5.8. Umsjónaraðili verkefnis hjá Íslandsstofu undirbýr fundi verkefnastjórnar í samráði við formann verkefnastjórnar og hefur málfrelsi og tillögurétt á fundum.

## **6. FJÁRMÖGNUN VERKEFNIS**

- 6.1. Fjármögnun fyrir árið 2020 skal vera eigið fé markaðsverkefnisins sem framselt skal til Íslandsstofu en samþykkt var á aðalfundi félagsins í lok maí 2020 að fella niður aðildargjöld annarra en Reykjavíkurborgar, Icelandair og Íslandsstofu, það sem eftir lifði af árinu.
- 6.2. Frá og með árinu 2021 skulu aðilar þessa samnings leggja markaðsverkefninu til árlega til ársins 2025:
  - 6.2.1. Reykjavíkurborg kr. 40.000.000,-
  - 6.2.2. Íslandsstofa kr. 40.000.000,-
  - 6.2.3. Icelandair kr. 25.000.000,-
  - 6.2.4. Harpa kr. 5.000.000,-
- 6.3. Framlag Íslandsstofu, skv. grein 6.2.2 skiptist þannig að kr. 15.000.000,- renna inn í fjárhag verkefnis sem markaðsfé og eftirstöðvar framlags eru vegna aukins rekstrarkostnaðar Íslandsstofu sem hlýst af því að hýsa og sjá um framkvæmd verkefnisins og starfsfólk og því ekki greitt í reiðufé.
- 6.4. Framlög annarra aðila en Íslandsstofu skulu frá árinu 2021 innt af hendi til Íslandsstofu í 4 greiðslum sem dreifast jafn yfir árið og skulu aðilar vera skuldlausir eigi síðar en 31. desember ár hvert. Aðildargjöld skulu greidd inn á eftirfarandi bankareikning Íslandsstofu; 513-26-400255. Verkefnastjórn skal gera tillögu að nýrri tilhögun aðildargjalda fyrir aðra aðildarfélagar en aðila þessa samnings fyrir lok árs 2020.

## **7. RÁÐSTÖFUN FJÁRMAGNS**

- 7.1. Tekjum og eignum verkefnis skal eingöngu verja í samræmi við samþykktan tilgang markaðsverkefnisins. Þá skal öllum hagnaði varið til að þjóna markmiðum markaðsverkefnisins og tilgangi markaðsverkefnisins.
- 7.2. Íslandsstofa skal árlega gera markaðs- og fjárhagsáætlun í samræmi við tilgang markaðsverkefnisins fyrir 1. desember ár hvert. Áætlanir skulu kveða á um markaðsstefnu, markhópa, markaðssvæði, helstu aðgerðir og kostnaðaráætlun.
- 7.3. Mikilvægt er að allt fé sem Reykjavíkurborg, Icelandair og aðildarfélagar leggja verkefninu til ásamt framlagi Íslandsstofu fari alfarið í að efla enn frekar markaðsverkefnið og tilgang markaðsverkefnisins.

## **8. FORSENDUR VERKEFNIS OG ÁSKILNAÐUR AÐILA**

- 8.1. Samningsaðilar eru sammála um að um markaðsverkefnið munu gilda þær forsendur sem fram koma í þjónustusamningi frá 26. febrúar 2020 um starfsemi Íslandsstofu sem mun gilda milli Íslandsstofu og utanríkisráðuneytisins og atvinnuvega-og nýsköpunarráðuneytisins.
- 8.2. Sé samningi þessum sagt upp áskilja aðilar sér (utan Íslandsstofu) við gerð þessa samnings rétt til að taka vörumerkin og verkefnið (eins og það er skilgreint í grein 1.3 að ofan) með sér og fela öðrum aðila framkvæmd þess.

## **9. UPPGJÖR**

- 9.1. Íslandsstofa mun á gildistíma samningsins standa árlega skil á fjárhagslegu uppgjóri verkefnis og árangri þess, eigi síðar en 1. maí ár hvert til verkefnastjórnarstjórnar.. Verkefnastjórn getur hvenær sem er óskað eftir upplýsingum um stöðu einstakra þátta eða markaðsverkefnisins í heild.

## **10. ENDURSKOÐUN VERKEFNIS**

- 10.1. Hver samningsaðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði samnings þessa eða samningurinn í heild verði tekin til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.
- 10.2. Að öðru leyti skulu samningsaðilar meta framgang verkefnisins árlega.

## **11. GILDISTÍMI SAMNINGS**

- 11.1. Starfstími verkefnisins samkvæmt samningi þessum er frá 1. júlí 2020 til 31. desember 2025.
- 11.2. Tilkynning um uppsögn á samningnum skal berast frá samningsaðila eigi síðar en 30. júní ár hvert. Uppsagnarfrestur er sex mánuðir. Tilkynning um uppsögn skal send öllum samningsaðilum.

\*\*\*

[Undirritunarsíða fylgir]



Undirritunarsíða:

**SAMNINGS UM MARKAÐSVERKEFNIÐ  
MEET IN REYKJAVÍK – ICELAND CONVENTION BUREAU**

Reykjavík, dags. \_\_\_\_\_ 2020

---

F.h. Íslandsstofu  
Kt. 690986-1599

---

F.h.Reykjavíkurborgar  
Kt. 530269 - 7609

---

F.h. Icelandair Group hf.  
Kt. 631205-1780

---

Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf.  
Kt. 660805-1250

Undirritað af stjórn Ráðstefnuborgarinnar Reykjavík, kt. 540212-0660, samkvæmt umboði til þess að ljúka samningsgerð af aðalfundi, dags. 28. maí 2020, um að fyrirvarinn skv. grein 2 verði tekinn til umræðu á fundi stjórnar og félagsfundi:

---

Formaður stjórnar

---

Stjórnarmaður